



Alþingi – Allsherjar- og menntamálanefnd  
b.t. Björgvins G. Sigurðssonar, formanns  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. febrúar 2012

Málsnúmer: 2013010072  
Skjalalykill: 15.3.4

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 141/1456*  
*komudagur 8.2.2013*

**Málefni: Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um happdrætti**

Póst- og fjarskiptastofnun hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um happdrætti nr. 38/2005, sbr. þingskjal 615 – 477. mál.

Efni frumvarpsins varðar m.a. svo kallaða netspilun, sbr. d.-lið 1. gr. frumvarpsins, en með henni er m.a. átt við þátttöku í leikjum og happdrættum þar sem spilað er upp á peninga eða ígildi peninga. Þar sem frumvarpið varðar aðgang að efni á Internetinu telur Póst- og fjarskiptastofnun vera tilefni til þess að víkja nokkrum orðum að tengslum þess við sameiginlegt evrópskt regluverk á sviði fjarskipta (EES-rétti).

Í frumvarpinu er að finna ítarlegan rökstuðning fyrir því að efni frumvarpsins brjóti ekki gegn EES-rétti, einkum hvað varðar bann við greiðsluþjónustu undir ákveðnum kringumstæðum. Er þar t.d. vísað í tiltekinna dóma Evrópudómstólsins til stuðnings því að slíkt bann brjóti ekki gegn meginreglunni um þjónustufrelsi. Ekki er að sama skapi farið yfir dóma hvað varðar mögulega takmörkun á persónu- og athafnarfrelsi einstaklinga þegar kemur að þeim skilyrðum sem áformað er setja varðandi netspilun, séu slíkir dómur fyrir hendi og teljist vera fordæmisgefandi í þessu samhengi.

Samkvæmt nýlegri Evrópulöggjöf telst aðgangur að Internetinu, auk efnis og þjónustu sem þar er að finna, til grundvallarmannréttinda samkvæmt Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. b.-lið, 1. töluliðar, 1. gr. tilskipunar nr. 2009/140/EB.<sup>1</sup> Þetta þýðir að hvers konar takmörkun þarf að uppfylla ströng skilyrði Mannréttindasáttmálans fyrir slíkri skerðingu, m.a. um hún byggi á lögum og sé nauðsynleg í lýðræðislegu samfélagi o.s.frv.

Ekki er komin reynsla á túlkun þessa ákvæðis Evróputilskipunarinnar fyrir Evrópudómstólnum, svo Póst- og fjarskiptastofnun sé kunnugt um. Hins vegar má velja því fyrir sér hvort framsal mats á því til ráðherra, samkvæmt reglugerðarheimild, hvaða leikir eða happdrætti, fjöldi þeirra og tegundir skuli vera háð leyfum, feli í sér of mikið framsal lagasetningarvalds og fái þar með ekki samrýmst meginreglunni um lagaáskilnað vegna takmörkunar á grundvallarréttindum einstaklinga. Telur Póst- og fjarskiptastofnun rétt að þingnefndin leggi mat á þetta álitaeefni.


<sup>1</sup> Ekki er þó enn búið að innleiða þessa tilskipun hér á landi, en það verður væntanlega gert innan tíðar.

Þá þykir Póst- og fjarskiptastofnun jafnframt rétt að benda á að undanfarin ár hefur farið fram mikil umræða á alþjóðlegum vettvangi um stjórnsýslu internetsins (e. internet governance), en þar er m.a. rætt um það hvort og með hvaða hætti stjórnvöld megi takmarka aðgang almennings að tilteknu óæskilegu efni á Internetinu. Þessi umræða hefur einungis að litlu leyti farið fram hérlendis enn sem komið er. Mögulegar takmarkanir á aðgangi að óæskilegu efni á Internetinu eru því að mati stofnunarinnar afar stefnumótandi og ætti því, ef vel væri, að styðjast við lifandi almenna þjóðfélagsumræðu um þennan mikilvæga málaflokk og taka tillit til þróunar á inntaki persónu- og tjáningarfrelsis í evrópskum rétti.

Virðingarfyllt,



Hrafnkell V. Gíslason

  
Björn Geirsson